

Fréttapistill frá forseta Íslands

6. september 2021

Síðdegis í gær hlotnaðist mér sá heiður að flytja opnunarávarp á afmælishátíð Öryrkjabandalags Íslands. Bandalagið fagnar í ár 60 ára afmæli. Í máli mínu minnstist ég meðal annars á þær framfarir sem orðið hafa í málefnum öryrkja frá miðri síðustu öld en að sjálfsgöðu væri enn verk að vinna. Nefndi ég til að mynda Samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks og áform um löggildingu hans, í samræmi við ályktun Alþingis í hittifyrri.

Um svipað leyti náði karlalandslið Íslands í knattspyrnu jafntefli í hörkuleik við sterkt lið Norður-Makedóníu. Á fimmtudaginn var biðu strákarnir lægri hlut gegn Rúmenum, í leik sem ég sótti á Laugardalsvelli. Sama dag tók ég á móti fulltrúum forvarnarsamstakanna Bleika fílsins og Öfga, sem afhentu mér táknrænan fyrirliðaborða.

Umræða að undanförunu um ofbeldi og áreitni, þöggun og meðvirkni, hefur verið þörf. Hún er hluti af stærri umræðu sem staðið hefur síðustu misseri og sýnir að við þurfum enn að gera mun betur í því hvernig samfélagið tekur á þessum málum. Það er nauðsynlegt að þolendur upplifi öryggi til að stíga fram, segja frá og leita réttar síns. Þau, sem verða fyrir ofbeldi eða áreitni, eiga ekki að þurfa að þola skömm eða afneitun. Í opnun umræðunnar felast tækifæri til að gera betur og hlúa að íþróttastarfinu þannig að jafnræði og gagnkvæm virðing sé leiðarljós. Sjálfur hef ég verið viðloðandi íþróttir frá barnæsku og er annt um hreyfinguna. Ég hef kynnst fjölmörgum leikmönnum, þjálfurum og stjórnarfólki í heimi íþróttanna og veit að þar starfa flestir af heilindum. Margt má betur fara og við skulum vinna saman að því. Sama gildir um heim menningar og lista, stjórn mála og stjórnsýslu, fjölmiðla og skóla – alla kima samfélagsins þar sem metoo-byltingin hefur svipt hulu af áreitni og ofbeldi. Við þurfum réttlæti, sanngirni og viðurlög við lögbrotum en líka umræðu, fræðslu og leiðir til að leyfa fólki að bæta ráð sitt, sýni það iðrun og eftirsjá.

Ég óska karlalandsliðinu okkar góðs gengis í næsta leik, á móti Þjóðverjum á miðvikudaginn kemur. Síðar í þessum mánuði og þeim næsta taka svo við leikir kvennaliðsins okkar hér á heimavelli og hlakka ég til að fylgjast með framgangi þeirra.

Um helgina lauk Paralympics, Ólympíumóti fatlaðra, sem haldið var í Tókýó í Japan. Keppendur Íslands voru þar landi og þjóð til sóma. Hjartanlega til hamingju með glæsilega frammistöðu, Arna Sigríður Albertsdóttir, Bergrún Ósk Aðalsteinsdóttir, Már Gunnarsson, Patrekur Andrés Axelsson, Róbert Ísak Jónsson og Thelma Björg Björnsdóttir! Sigrar vinnast ekki aðeins með því að komast á verðlaunapall heldur einnig með því að takast á við áskoranir og hindranir.

Vík ég þá að öðrum embættiserindum í nýliðinni viku: Á mánudaginn var átti ég fjarfund með Gitanas Nauséda, forseta Litháens, í tilefni þess að 26. ágúst voru 30 ár liðin frá því að Ísland og Litháen tóku upp stjórn málasamband. Litháar muna enn og kunna vel að meta stuðning íslenskra stjórnvalda við sjálfstæðisbaráttu

Eystrasaltslandanna. Í þarsíðustu viku átti ég svipaða fundi með forsetum Eistlands og Lettlands.

Þriðjudaginn 31. ágúst tók ég við trúnaðarbréfum nýrra sendiherra gagnvart Íslandi, með aðsetur í Stokkhólmi. Þeir koma frá Angóla, Kólumbíu, Kúbu, Líbanon og Norður-Kóreu. Daginn eftir afhentu nýir sendiherrar Danmerkur og Singapúr svo trúnaðarbréf sín.

Á þriðjudaginn var tók ég á móti nýju riti um bardagalist víkinga og ræddi við höfunda þess, Reyni Óskarson og dr. William Short. Fróðlegt var að fræðast um rannsóknaraðferðir þeirra og niðurstöður. Þannig mun það rétt vera að hægt sé að flétta saman bogastreng úr löngu hári. Sagnfræðingar og aðrir geta síðan deilt um hvort það sanni frásögn Njálu um synjun Hallgerðar og örlög Gunnars á Hlíðarenda. Síðastliðinn fimmtudag hitti ég einmitt gamla félagi úr stétt sagnfræðinga. Var þá opnuð sögusýning um Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands í Þjóðarbókhöðunni, í tilefni þess að hálf öld er liðin frá því að stofnunin tók til starfa.

Sama dag héldum við Eliza í Bergið, stuðnings- og ráðgjafasetur fyrir ungt fólk sem er til húsa við Suðurgötu í Reykjavík. Þar geta ungmenni fengið stuðning, fræðslu og ráðgjöf um andlega líðan og leiðir til úrbóta sér að kostnaðarlausu. Við hjónin kynntum okkur þessa mikilvægu starfsemi, ræddum við starfsfólk og sjálfbodaliða og þökkum kærlega fyrir hlýjar móttökur.

Í nýliðinni viku ræddi ég í síma við fólk sem hefur áhyggjur af dýraníði á Íslandi, ekki síst í ljósi ýmissa fregna um ódæði af því tagi. Ég tek svo sannarlega undir þau sjónarmið að auka megi fræðslu um dýravernd í skólum landsins og samfélaginu öllu.

Á föstudaginn var flutti ég ávarp á opnunarhátíð Fundar fólksins, lýðræðishátíðar í Norræna húsinu í Reykjavík. Viðburðurinn er að sænskri fyrirmynd og er þar rætt um brýn samfélagsmál í bráð og lengd. Fulltrúar ýmissa hópa, samtaka, flokka og stofnana taka þátt í þeim umræðum. Á opnunarhátíðinni tóku einnig til máls tveir fulltrúar ungmenna, þær Anna Sonde og Sæunn Júlía Sigurjónsdóttir, og mæltist þeim vel. Skólahljómsveit Árbæjar- og Breiðholts lék við athöfnina.

Á laugardaginn flutti ég ávarp á landsþingi Slysavarnafélagsins Landsbjargar. Ég minntist meðal annars á mikilvægi samtakanna og fagnaði nýlegum samningum um gerð nýrra björgunarskipa. Þá ræddi ég um gildi þess fyrir fólk að finna tilgang í félagsskap og njóta þar vináttu og útivistar eins og raunin er með starf í aðildarfélögum Landsbjargar. Við þurfum ekki aðeins að geta hjálpað fólki í óbyggðum heldur einnig í byggðum. Þannig komst ég reyndar einnig að orði í ræðu minni á afmælishátíð Öryrkjabandalagsins sem fyrst var getið í þessum pistli.

Ég óska ykkur öllum velfarnaðar.